

Stefna Akta sjóða um nýtingu atkvæðisréttar

Samþykkt í september 2020 / Ábyrgðaraðili: Framkvæmdastjóri

1. Tilgangur

- 1.1. Akta sjóðir hf. (hér eftir „félagið“) hafa sett sér stefnu um nýtingu atkvæðisréttar á hluthafafundum þeirra féлага sem sjóðir í stýringu hjá félaginu eiga hlut í. Tilgangur stefnu þessarar er að tryggja að nýting þess atkvæðisréttar sem fylgir eignarhlutunum sé í þágu hagsmuna sjóðanna og hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Enn fremur er tilgangur stefnunnar að stuðla að gagnsæi þannig að ljóst sé hvaða viðmið skulu höfð til hliðsjónar við mat á því hvort og hvernig atkvæðisréttur er nýttur.
- 1.2. Stefna þessi er sett á grundvelli 20. gr. reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga.

2. Almenn viðmið

- 2.1. Framkvæmdastjóri og sjóðsstjóri skulu fylgjast með tilkynningum og boðunum hluthafafunda og annarra funda sem tengjast fjármálagerningum í eigu sjóðanna. Þegar fram koma tillögur sem bera á undir hluthafafund skal mat lagt á tillögurnar út frá hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa. Eftirtalin sjónarmið skulu lögð til grundvallar við mat á því hvort atkvæðisréttur skuli nýttur og með hvaða hætti:
 - 2.1.1. Hvort tillagan sé til þess fallin að styrkja viðkomandi félag og þannig til þess fallin að vera til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa.
 - 2.1.2. Tillögur sem hafa það að markmiði að styrkja góða stjórnarhætti og samfélagslega ábyrgð félaga skulu almennt studdar með atkvæðum félagsins, enda almennt gengið út frá því að félag sem virðir góða stjórnarhætti og hagar rekstri sínum á samfélagslega ábyrgan hátt sé almennt betur fallið til að skila eigendum sínum góðri arðsemi til lengri tíma.
 - 2.1.3. Tillögur um greiðslu arðs og/eða eftir atvikum um kaup á eigin bréfum skulu metnar af framkvæmdastjóra félagsins og viðkomandi sjóðstjóra. Afstaða til tillögunnar skal mótuð með hliðsjón af því að samþykkt tillögunnar sé ekki til þess fallin að veikja fjárhagslega burði félagsins til arðsemi í rekstri til lengri tíma lítið.
- 2.2. Framkvæmdastjóri félagsins skal sjá til þess að afstaða til einstakra tillaga sé mótuð tímanlega fyrir fund.

3. Stjórnarkjör

- 3.1. Við stjórnarkjör skal horft til þess að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að reynsla, menntun og hæfni stjórnarinnar í heild henti sem best þörfum viðkomandi félags. Þá er æskilegt að stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem er til þess fallin að rýra traust þeirra og trúverðugleika. Kynjahlutfall stjórnarmanna skal vera í samræmi við lögbundið kynjahlutfall.
- 3.2. Í samræmi við góða stjórnarhætti skal leitast við að stuðla að því að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir stjórnendum félagsins og félaginu. Við mat á óhæði skal lítið til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.
- 3.3. Að jafnaði skal ekki styðja einstaklinga í stjórn þar sem fyrirséð er að hagsmunaárekstrar muni hafa í för með sér vanhæfi til ákvörðunartöku í mikilvægum málum.

- 3.4. Lagt skal mat á aðstæður hverju sinni og ávallt skal höfð til hliðsjón af grunnreglum um góða stjórnarhætti við stjórnarkjör og mat á frambjóðendum til stjórnar.
- 4. Starfskjarastefna**
- 4.1. Þegar afstaða er tekin til starfskjarastefnu sem félög setja sér samkvæmt lögum um hlutafélög skal byggt á því að stefnan sé í samræmi við góða stjórnarhætti. Ákvarðanir sem tengjast starfskjarastefnu skulu metnar út frá langtímasjónarmiðum og þess gætt að hagsmunir viðkomandi félags og hluthafa þess séu í fyrirrúmi.
- 4.2. Almennt skal gengið út frá því að samkeppnishæf kjör séu ein af forsendum arðsams rekstrar og þannig í þágu sjóðsfélaga. Ef gert er ráð fyrir að kjör séu að einhverju leyti árangurstengd þarf slík tenging að vera byggð á hlutlægum mælanlegum viðmiðum og vera með þeim hætti að hún sé ekki til þess fallin að hvetja til óhóflegrar áhættusækni starfsmanna.
- 4.3. Kaupaukakerfi og/eða kaupréttakerfi skulu vera með þeim hætti að þau tryggi að hagsmunir viðkomandi félags eða starfsmanna sem falla undir slík kerfi séu samofnir. Jafnframt skulu slík kerfi vera innan þess ramma sem er samfélagslega ásættanlegur miðað við starfsumhverfi félagsins og ekki til þess fallin að stuðla að óhóflegri áhættutöku félagsins eða starfsmanna þess.

Samþykkt af stjórn Akta sjóða hf. þann 24. september 2020


